

Reglur um opnunartíma veitingar- og skemmtistaða í Vestmannaeyjum

Inngangur.

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 587/1987 um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, ákveður bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar um slit á skemmtunum sem fara fram á veitingarstöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga skv. áfengislögum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti árið 2001 svohljóðandi tillögu um afgreiðslutíma vínveitingarstaða í Vestmannaeyjum;

“Leggjum til að eftirfarandi reglur gildi um afgreiðslutíma vínveitingarstaða í Vestmannaeyjum aðfaranætur laugardaga og sunnudaga og aðfaranætur annara almennra viðurkenndra frídadaga eins og tíðkast hefur hingað til.

Lokunartími eigi síðar en kl. 04.30.

Veitingasala heimil til kl. 04.30.

Tónlist heimil til kl. 04.00.

Rýming gesta í húsnæði vínveitingarstaða skal vera lokið kl. 05.00.”

Fyrir liggur að bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 13. febrúar s.l. að móta heilstæðar reglur um opnunartíma og staðsetningar veitinga- og skemmtistaða í Vestmannaeyjum og eru neðangreindar tillögur að þeim sökum lagðar fram.

Staðsetningar veitinga- og skemmtistaða í Vestmannaeyjum.

Þegar leitað er eftir leyfi vegna veitinga- og skemmtistaða skal farið eftir ákvæðum aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar og eftir atvikum deiliskipulag viðkomandi svæða. Almennt er gengið út frá því að á miðsvæðum skuli fyrst og fremsst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýsly sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Í aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002 til 2014 er miðsvæði bæjarins skilgreind á eftirfarandi svæði:

“Mörk svæðisins eru í suðri við Hvítungaveg, Skólaveg frá Hásteinsvegi að vestan, Vesturveg að sunnan, Heiðarveg í vestri frá Hásteinsvegi að Strandvegi. Að norðan afmarkast svæðið við Tangagötu/Brattagarð og að austan markast svæðið af Kirkjuvegi suður að Hvítungavegi.”

Innan þessa svæðis hefur miðbær Vestmannaeyja verið skilgreindur með aðalskipulaginu hefur Vestmannaeyjabær ákveðið að þetta svæði skuli vera vettvangur þjónustu og þangað skuli slíkri starfsemi beint.

Ljóst er að ekki verður hruflað við veitinga- og skemmtistaðastarfsemi sem nú þegar er til staðar utan við hið skilgreinda miðsvæði Vestmannaeyjabæjar, en að leitast skal við að beina nýrri starfsemi þess eðlis á miðbæjarsvæðið.

Opnunartími.

Við meðferð málsins var leitað til sýslumannsins í Vestmannaeyjum og óskað áhlits embættisins á hvernig til hefði tekist með þær breytingar sem gerðar voru árið 2001 og lýst er hér að framan. Í bréfi embættisins segir að það geri *“ekki athugasemdir við lengri opnunartíma veitingahúsa eða skemmtistaða en við allar slíkar breytingar verður þó að taka tillit til þess að slíkar ákvarðanir eru íþyngjandi fyrir íbúa í nágrein staðanna þar sem miklir hagsmunir eru jafnan í húfi fyrir þá. Almenn regla hefur hins vegar ekki versnað við það að opnunartími var lengdur til kl. 04.30 um helgar á sínum tíma að séð verður. Þó er það mat embættisins að opnunartími eigi alls ekki að vera ótakmarkaður.”*

Þá gerir embætti sýslumannsins greinarmun á stöðum sem hafa skemmtanaleyfi auk veitingarleyfis og hins vegar þeim sem aðeins hafa veitingaleyfi og segir *“naúðsynlegt að samræma opnunartíma þannig að vínveitingarstaðir sem aðeins hafa veitingaleyfi hafi allir sama opnunartíma og hins vegar að vínveitingastaðir sem hafa auk veitingarleyfis skemmtanaleyfi hafi einnig sama opnunartíma.”* Þá segir embættið jafnframt að æskileg framtíðarlausn sé að allir sambærilegir staðir séu opnir jafnlengi og að skemmtistaðir séu opnir tveimur tímum lengur en veitingastaðir, en slík myndir létta álagi af bænum og minnka líkur á miklum mannfjölda á götunum, slagsmálum og öðrum afbrotum við lokun staðanna. Gott er að hafa þessi sjónarmið í huga, en þess ber þó að geta að önnur sjónarmið kunna einnig að eiga rétt á sér.

Eins og áður er getið hefur Vestmannaeyjabær skilgreint það svæði sem nota á fyrir veitinga- og skemmtistaðastarfsemi. Til að slík starfsemi fái að njóta sín þarf hún að hafa einhvern samastað og rými til að þróast í takt við þarfir viðskiptamanna og breytinga í þjóðfélaginu.

Eftir að reglugerð nr. 587/1987 var breytt og sveitarstjórnunum veitt heimild til að ákvarða opnunartíma hefur orðið mikil breyting á starfsemi veitinga- og skemmtistaða. Sveitarfélögin leyfa mismunandi opnunartíma en þar sem lengst er gengið er opnunartíminn í reynd ótakmarkaður og því í höndum veitingamanna hvenær stöðunum er lokað.

Að þessu sögð og með tilliti til þeirra ábendinga sem komu frá embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum er lagt til að opnunartími veitinga- og skemmtistaða innan skilgreinds miðbæjarsvæðis verði með eftirfarandi hætti.

- **Veitingarstaðir með vínveitingarleyfi en ekki með skemmtanaleyfi.**

Almennur opnunartími:

Lokunartími eigi síðar en kl. 02.00

Veitingasala heimil til kl. 01.30

Aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Lokunartími eigi síðar en kl. 03.00

Veitingarsala heimil til kl. 02.30

- **Veitingarstaðir með vínveitinga- og skemmtanaleyfi.**

Almennur opnunartími:

Lokunartími eigi síðar en kl. 02.00

Veitingasala heimil til kl. 01.30

Aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga:

Lokunartími eigi síðar en kl. 05.00

Veitingasala heimil til kl. 04.30

Bæjarstjórn verður þó ætíð heimilt við útgáfu einstakra leyfa að ákveða skemmri opnunartíma ef staðsetning og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Jafnframt er bæjarstjórn heimilt að lengja opnunartíma veitinga- og skemmtistaða vegna sérstakra tilefna, s.s. um áramót, páska o.s.frv. Athuga ber þó að ofangreindur opnunartími og ákvarðanir bæjarstjórnar eru bundinn þeim takmörkunum sem fram koma í lögum nr. 32/1997 um helgidagafrið.

Varðandi veitinga- og skemmtistaði sem eru utan hins skilgreinda miðbæjarsvæðis, er ekki ráðgert að gera breytingar á þegar ákveðnum opnunartíma, nema aðstæður leyfi slíkt og skulu þá ofangreindar reglur hafðar til hliðsjónar.

Ofangreindar reglur eru til bráðabirgða í eitt ár, að þeim tíma liðnum mun Vestmannaeyjabæjar endurmeta stöðuna og horfa til hvernig til hefur tekist varðandi breytingarnar. Verður þá litið til hvernig umgengni í kringum veitinga- og skemmtistaði er háttað, hvort aukning verður í kærnum til lögreglu vegna brota í tengslum við rekstur staðanna og hvernig samskipti við íbúa svæðsins vindur áfram.

Af þeim sökum hvetur bæjarráð rekstraraðila til að gæta sérstaklega að umgengni og reglu í nánasta umhverfi við staðina, fara eftir þeim reglum og skilyrðum sem sett eru fyrir rekstrinum og að gæta þess hófs sé gætt í tengslum við sambýli við nágranna og aðra bæjarbúa.

Samþykkt í bæjarráði, 24. apríl 2006 og í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 26. apríl 2006.